




Umsagnir um tilnefnda til kjörs Íþróttamanns Akraness fyrir árið 2015

Badmintonmaður ársins: Egill Guðvarður Guðlaugsson

Egill er okkar fremsti badmintonspilari. Hann náði þeim mikla áfanga að komast í úrslit í einliðaleik karla á Meistaramóti Íslands, samkvæmt því sem við komumst næst að þá hefur engum tekist áður undir merkjum ÍA. Egill er fjölhæfur spilari sem er jafnvígur á einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarleik. Hann hefur ekki verið með fasta meðspilara í tvíliða og tvenndar undanfarið en lætur það ekki stoppa sig og kemst langt í mótum í þeim greinum. Egill hefur alla tíð verið boðinn og búinn að aðstoða við þjálfun hjá félaginu og alltaf tilbúinn að leiðbeina og hjálpa þeim sem æfa með honum. Egill er góð fyrirmynd fyrir badmintonkrakka á Akranesi, bæði innan vallar og utan. Hann hefur góða nærveru og það sýnir sig á mótum þegar krakkarnir vilja allir vera í kringum hann.

Fimleikakona ársins: Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir

Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir, fædd 1999, er Fimleikamaður Akraness 2015 og er vel að þessum titli komin. Hún er ein af okkar fremstu fimleikaiðkendum og er að gera erfiðustu stökkin í félaginu. Hún er til fyrirmyndar hvar sem hún kemur að. Hún er ósérhlífin iðkandi með framúrskarandi mætingu og sýnir ávallt dugnað á hverri æfingu. Ragna Dís er dugleg, kurteis og kemur fram við aðra iðkendendur og þjálfara af virðingu. Hún er svo sannarlega framtíðarefni á Íslandi í íþróttinni, sem bæði iðkandi og þjálfari, og jafnframt dómari. Ragna Dís keppti ásamt liði sínu á Bikarmóti í Hópfimleikum í meistaraflokki B og varð liðið Bikarmeistarar í Hópfimleikum, í B deild. Þar var hún einnig fyrirliði. Hún keppti á Íslandsmótinu í Stökkfimi í Opnum flokki, sem er sá flokkur sem keppir með hæðsta erfiðleikann, og þar eru erfiðustu og mest krefjandi stökkin. Þar hafnaði Ragna Dís í 2.sæti á dýnu, fyrir bæði fram- og afturábakumferð. Hún hlaut 3. sætið fyrir trampólín- og stökkæfingar á hesti. Þá tók hún 3. sætið í samanlögðum árangri eftir hörku baráttu og meiðsli. Hún er ávallt félaginu, íþróttabandalaginu og Akraneskaupstað til sóma.





Hestaíþróttamaður ársins: Jakob Svavar Sigurðsson

Árangur Jakobs árið 2015 - helstu atriði: 1. sæti í A-flokki gæðinga á opnu gæðingamóti Fáks í Reykjavík (Reykjavíkurmeistaramót) á Skýr frá Skálakoti með 8,94 í einkunn. 1. sæti í B-flokki gæðinga á opnu gæðingamóti Spretts í Kópavogi með 9.04 í einkunn á Nökkva frá Syðra-Skörðugili. (sem var hæsta gæðingaeinkunn ársins í B-flokki) 3. sætið í flugskeiði í Meistaradeild VÍS á Von frá Sturlureykjum. 3. sætið í tölti í Meistaradeild VÍS á Gloríu frá Skúfslæk. Jakob var tilnefndur sem einn af 5 bestu gæðingaknöpum og kynbótaknöpum ársins 2015 á uppskeruhátíð Landssambands Hestamanna í nóvember s.l. Á liðnu ári hefur Jakob auk þess sem að ofan greinir keppt á mun fleiri mótum, t.d í öllum keppnum Meistaradeildar VÍS þar sem aðeins bestu knapar landsins keppa. Hann hefur líka sýnt tugi kynbótahrossa á árinu með góðum árangri og er með hátt hlutfall sýndra hrossa sem fara í 1. verðlaun (yfir 8 í aðaleinkunn). Hestaíþróttamaður Dreyra, Jakob Svavar, er margsinnis búin að sanna það að hann er einn af bestu knöpum landsins. Hér er fagmaður á ferð og reiðmennskan ávallt til fyrirmyndar. Jakob er sannur afreksmaður í sinni íþróttagrein.

Hnefaleikakona ársins: Tinna Von Gísladóttir Waage

Tinna Von hefur stundað hnefaleika af kappi undanfarin 4 ár. Henni fer stöðugt fram og hún stendur mjög framarlega í unglingsflokki. Tinna Von stefnir á að ná gulli í diploma sem er hæðsta styrkleikagráða í unglingsflokki í hnefaleikum. Einnig stefnir hún á að hefja keppnisferil sinn í ólympískum hnefaleikum snemma á komandi ári. Tinna er hress og skemmtileg stelpa, svakalega metnaðargjörn og hefur höfuð og herðar yfir aðra þegar kemur að ástundun, áhuga og ákveðni.

Íþróttakona Þjót: Laufey María Vilhelmsdóttir

Laufey María hefur æft sund frá unga aldri, en hún hefur æft og keppt með Sundfélagi Akraness mörg undanfarin ár á almennum mótum og keppir fyrir Þjót á sundmótum innan Íþróttasambands fatlaðra. Hún er stöðugt að bæta sig. Hún reynir alltaf og gerir sitt besta með það sem þjálfarinn leggur upp með hverju sinni á æfingum. Hún æfir 7 sinnum í viku, þrek og sund, áhersla er lögð á tækni og úthald, auk þessa er hún í íþróttum í skólanum. Hún er góður félagi og hvetur liðsfélaga sína áfram á mótum og lætur oftast í sér heyra. Hún hefur verið dugleg við að taka þátt í viðburðum og uppákomum með félögum sínum og farið í nokkrar æfingaferðir með hópnum. Flott gullkorn frá henni í samræðum við þjálfara og félag sína í



einni af þeim ferðum, NO PAIN-NO GAME. Fyrirmyndir Laufeyjar Maríu í sundinu eru þau Inga Elín og Ágúst Júlíusson. Helsta markmið hennar Laufeyjar Maríu er að komast í landsliðið og taka þátt í verkefnum sem þar eru í boði. Svo er æðsti draumurinn sá að komast á Ólympíuleikana 2020.

Karatekona ársins: Elsa María Guðlaugsdóttir

Elsa hefur æft Karate frá haustinu 2009 en í apríl 2014 náðu hún því marki að fá svart belti í íþróttinni. Elsa hefur verið ein af fremstu keppendum Karatefélags Akraness á undanförunum árum, einkum í KATA auk þess sem hún er nú aðal þjálfari félagsins. Á árinu 2015 tók Elsa þátt í Íslandsmeistaramótinu í Kata fyrir hönd KAK með góðum árangri þrátt fyrir að ná ekki verðlaunasæti. Elsa hefur ávallt lagt sig alla fram í því sem hún gerir. Hún er samviskusöm og jákvæð á æfingum og góð fyrirmynd fyrir aðra karateiðkendur.

Kylfingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir

Valdís Þóru þarf vart að kynna fyrir Skagamönnum, margfaldur klúbbmeistari Golfklúbbsins Leynis, og einn fremsti kylfingur meðal kvenna til margra ára og nú atvinnumaður (kona) í golfi. Valdís Þóra hefur allt frá unglingsaldri verið með skýr markmið sem hún hefur unnið markvisst eftir hvort sem er með æfingar í huga, Íslandsmeistararitla, þátttöku í landsliðsverkefnum og nú sem atvinnukona í golfi. Valdís Þóra er góð fyrirmynd fyrir alla kylfinga og íþróttafólk og hefur ávallt verið til fyrirmyndar innan sem utan vallar. Stefna Valdísar Þóru er að fá keppnisrétt á mótaroð þeirra bestu í Evrópu og vinnur hún markvisst að því með keppni á mótum erlendis. Valdís Þóra hefur að auki unnið til fjölda verðlauna í sveitakeppnum, stigamótum GSÍ og mótum á erlendri grundu.

Keilumaður ársins: Skúli Freyr Sigurðsson

Keilumaður ársins 2015 er Skúli Freyr Sigurðsson. Hann varð fyrstur Íslendinga til að vinna Reykjavík International Games í keilu. Í ár var Skúli í 3 sæti á styrkleikalista Keilusambands Íslands. Skúli var í 2.sæti í Íslandsmeistaramóti einstaklinga og varð svo deildarbikarmeistari 2015 með liði sínu ÍA W. Skúli varð í öðru sæti í Undankeppni AMF World Cup 2015 og varð í þriðja sæti með liði sínu í Íslandsmóti liða 2014-2015. Á Evrópumóti karlalandsliða var Skúli annar hæsti Íslendingurinn á mótinu í 66 sæti. Í tvímenningi á Evrópumótinu spilaði Skúli í Ísland 3 ásamt Hafþóri Harðarsyni ÍR og enduðu þeir í 18.sæti. Í þrímenningi spilaði Skúli í Ísland 2 ásamt Einar Már Björnsson ÍR og Arnar Davíð Jónsson KFR og enduðu þeir í 20. sæti af





60. Í fjögurra manna liðakeppninni varð Ísland í 10. sæti af 30 liðum og er það einn besti árangur sem íslenskt landslið í keilu hefur náð á svo sterku móti. Íslandsmeistarar para 2015 spilaði Skúli með Margrét Björg Jónsdóttir ÍA og enduðu þau í 6. Sæti. Nú þegar 8 umferðir eru búnar af Íslandsmót liða 2015-2016 er lið hans í 3. Sæti og er hann með fjórða hæðsta meðaltal í deildinni. Skúli var í 2 sæti í Íslandsmóti í tvímenningi ásamt Stefáni Claessen þar sem Skúli var með hæsta meðaltal mótsins. Skúli endaði sem Sigurvegari í Hjóna og paramóti KFR ásamt Natalíu Jónsdóttur.

Knattspyrnumaður ársins: Ármann Smári Björnsson

Ármann Smári var fyrirliði og lykilmaður í liði ÍA sem lenti í 7.sæti í Pepsi deildinni 2015. Hann lék alla 22 leiki liðsins í deildinni og stóð sem klettur í vörn Skagamanna í sumar, sem fékk á sig 31 mark, en einungis fjögur lið í deildinni fengu á sig færri mörk í sumar. Auk þess náði liðið að leika fjóra leiki í röð án þess að fá á sig mark, sem ekki hefur gerst síðan árið 2001. Ármann er leiðtogi liðsins og gefur ekki tommu eftir, en er samt háttvís á velli. Ármann var valinn besti leikmaður liðsins á árinu af samherjum sínum og þjálfurum á lokahófi KFÍA. Ármann er því vel að því kominn að vera knattspyrnumaður ársins 2015.

Knattspyrnukona ársins: Unnur Ýr Haraldsdóttir

Unnur Ýr var fyrirliði og lykilmaður í liði ÍA sem varð Íslandsmeistari í 1.deild kvenna og vann sér sæti í Pepsi deildinni 2016. Hún spilaði mest á hægri kanti í sumar og lék alla 15 leiki liðsins í deildinni og skoraði í þeim 11 mörk. Auk þess lagði hún upp fjölmörg mörk fyrir liðsfélaga sína. Unnur Ýr er leiðtogi liðsins, harðdugleg, marksækin og háttvís á velli. Unnur Ýr var valinn besti leikmaður liðsins á árinu af samherjum sínum og þjálfurum á lokahófi KFÍA. Unnur er því vel að því kominn að vera knattspyrnukona ársins 2015.

Knattspyrnumaður Kára: Sigurjón Guðmundsson

Sigurjón Guðmundsson var einn af lykilmönnum knattspyrnufélagsins Kára sem átti sitt besta ár í sögu félagsins en Félagið sigraði c-deild fotbolti.net og c-deild Lengjubikarsins með yfirburðum, félagið komst lengst í sögu sinni í bikarkeppni KSÍ eða í 32-liða úrslit og félagið var í toppbaráttu 3.deildar vel fram á sumar, en liðið endaði í 5.sæti í 3.deild sem þykir að flestra mati mjög góður árangur liðs á fyrsta tímabili í nýrri deild en liðið vann sig upp úr 4.deild árið á undan. Sigurjón kom til liðsins snemma sumars og það kom strax í ljós metnaður hans gagnvart verkefninu sem var framundan og var stígandi í leik hans með hverjum leik mikill og






fljótlega var hann orðinn einn af betri leikmönnum deildarinnar og algjör lykilmáður í Kára. Sigurjón er mikill liðsfélagi og draumur hvers þjálfara, hann leggur sig alltaf 100% fram og gefur aldrei neitt eftir, skiptir þar engu hvort um er að ræða leiki eða æfingar. Sigurjón er mjög fjölbæfur leikmaður og getur spilað nánast hvaða stöðu sem er á vellinum og spilaði hann þær nokkrar í sumar, Sigurjón spilaði 14 leiki í sumar og skoraði í þeim 1 mark. Sigurjón endaði tímabilið sem fyrirliði liðsins.

Kraftlyftingamaður ársins: Arnar Harðarson

Arnar hefur tekið þátt í tveimur Íslandsmeistaramótum á þessu ári og hefur hann hreppit titilinn í sínum þyngdarflokki í bæði skiptin en þetta er fyrsta árið sem Arnar er að keppa og að okkar mati á hann eftir að ná mjög langt í kraftlyftingum. Arnar er að keppa í -93 kílóa flokki og heftu hann verið að bæta sig mikið á milli móta, fyrra mótið var mót með búnaði en seinna mótið var svo án alls aukabúnaðar og hafði hann tekið miklum framförum á því sviði. Arnar er mjög samviskusamur og duglegur í sínum æfingum. Hann er alltaf fyrstur á staðinn ef einhverjum vantar aðstoð eða ráðleggingar. Hann stefnir langt í kraftlyftingum og er næst á dagskrá hjá honum að fara út til Svíþjóðar í febrúar 2016 og keppa fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti í klassískum kraftlyftingum. Það má með sanni segja að Arnar hafi verið alveg einstaklega góð viðbót við kraftlyftingafélag Akranes og er hann að okkar mati vel að þessari tilnefningu kominn.

Körfuknattleiksmaður ársins: Fannar Freyr Helgason

Fannar snéri aftur heim til ÍA eftir að hafa átt góð ár hjá ÍR og seinna með Stjórnunni þar sem hann varð meðal annars þrisvar sinnum bikarmeistari. Það munaði mikið um að fá Fannar heim og hann spilaði stórt hlutverk í liði ÍA sem var að leika í 1. deildinni árið 2015. Fannar spilaði 24 leiki í deildar-, úrslita- og bikarkeppninni og var með rúm 16 stig að meðaltali í leik og tók rúm 13 fráköst. Í þessum 24 leikjum var Fannar 17 sinnum með svokallaða tvöfalda tvennu þar sem hann skoraði 10 stig eða meira og tók 10 fráköst eða fleiri. Fannar átti stóran þátt í því að leiða liði í úrslitakeppni 1. deildar þar sem liði mætti Hamar frá Hveragerði í tveimur leikjum. Í úrslitakeppninni sýndi Fannar í úrvalsdeildar gæði og hlaut mikið lof og umfjöllun fyrir það enda var hann með 13 stig og tók 12 fráköst að meðaltali í leik í úrslitakeppninni allri. Í kjölfarið af þessum frábæra árangri var Fannar valinn af leikmönnum og stjórn Körfuknattleiksfélags Akraness sem mikilvægasti leikmaður liðsins á lokahófi félagsins að loknu síðasta





keppnistímabili. Í upphafsleikjum nýs tímabils er Fannar með 13 stig og tekur 10 fráköst að meðaltali í leik. Fannar er góður drengur en hann hefur verið spilandi þjálfari hjá okkur undanfarin tvö tímabil. Hann er samviskusamur og fylginn sér og eins og Skagamanni sæmir þá elskar hann að vinna en hatar að tapa. Hann stefnir að því að verða betri leikmaður í dag en hann var í gær. Hann er því góður einstaklingur og íþróttamaður í alla staði.

Sundmaður ársins: Ágúst Júlíusson

Ágúst átti mjög gott sundár. Hann varð fjórfaldur Íslandsmeistari. Hann sýnir að með góðu skipulagi er hægt að vera í fullri vinnu og stunda afreksíþróttir á háu stigi. Ágúst náði markmiði sínu um að komast í landslið Íslands fyrir Smáþjóðaleikana þar sem hann skipaði mikilvægt hlutverk í boðsundliði landsliðsins þar sem Ísland landaði silfri. Ágúst stendur uppúr sem góð fyrirmynd bæði fyrir ÍA og landslið Íslands í sundi. Umsagnir landsliðsþjálfara á Smáþjóðaleikunum bera honum vel söguna og segja hann hafa verið mjög mikilvægan fyrir liðsheildina og liðsandann. Vegna þessa og að sjálfsögðu vegna þess í hversu góðu líkamlegu formi hann var, var hann valinn í fleiri boðsund en hann átti von á. Það er gott að eiga Ágúst að í Sundfélagi Akraness og hann er alltaf viljugur til að miðla af reynslu sinni með því að koma og tala við yngri sundmenn eða sýna þeim og kenna hvernig á að verða betri sundmaður.

Vélhjólaiþróttamaður ársins: Axel Guðni Sigurðsson

Vélhjólafélagið tilnefni Axel Guðna Sigurðsson í kjör Íþróttamanns Akraness 2015. Axel keppti í unglunga flokki og B flokki og stóð sig með mikilli þryði. Hann er góður liðsfélagi sem alltaf er með jákvæðni að leiðarljósi. Allt sem hann gerir, gerir hann af fullum hug. Hann er metnaðarfullur íþróttamaður og er félagi sínu og bæjarfélagi til mikils sóma innan keppnisbrautar sem utan. Axel Guðni er einn af efnilegri vélhjólaiþróttamönnum landsins og því verðugur fulltrúi í kjöri Íþróttamanns ársins á Akranesi.

